

Reykjavík 3. september 2008
Tilvísun: 200707-0068/ 3.05.01

Til forsvarsmanna fyrirtækja,
sem hafa erlenda starfsmenn í vinnu,
og annarra sem málið varðar

Öryggi á vinnustöðum og erlendir starfsmenn

Á tímabilinu 1.1.2006 til og með ágústmánuði 2008, þ.e. á um tveimur og hálfu ári, hafa 13 manns látist í vinnuslysum á Íslandi, 6 Íslendingar og 7 erlendir starfsmenn. Þetta er mikil fjölgun dauðaslysa frá næstu árum á undan. Á fimm ára tímabilinu 2001–2005 létust 10 í dauðaslysum við vinnu, allt Íslendingar. Flest þessara slysa hafa orðið við bygginga- og mannvirkjagerð.

Þessi fjölgun alvarlegra vinnuslysa er algjörlega óásættanleg. Tölur sýna að bygginga- og mannvirkjagerð er hættuleg starfsgrein með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna en með markvissum forvörnum og öflugum innra öryggisstarfi má koma í veg fyrir slys og óhöpp. Það sýnir t.d. reynslan af álversframkvæmdunum á Reyðarfirði þar sem erlendir starfsmenn unnu milljónir vinnustunda án alvarlegra slysa.

Til að bregðast við þörf á upplýsingum og leiðbeiningum, þegar erlendum starfsmönnum fjölgaði mjög í byggingariðnaði, gaf Vinnueftirlitið árið 2007 út bækling um öryggi í byggingariðnaði á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, ensku, pólsku og litháísku. Bæklingnum var dreift á byggingarvinnustöðum um allt land. Í bæklingnum, sem er myndskreyttur með stuttum texta, er bent á mikilvæg atriði varðandi öryggi og heilsu sem huga þarf að á byggingarvinnustað. Bæklingurinn er á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, undir flípanum *Útgáfa/leiðbeiningar um vinnuvernd*.

Sá fjöldi starfsmanna, sem látið hefur lífið eða slasast alvarlega í vinnuslysum undanfarin misseri, sýnir að mikið skortir á að forvarnar- og öryggisstarf sé fullnægjandi. Óeðlilega hátt hlutfall erlendra starfsmanna í þessum slysum beinir athygli að því hvort um sé að kenna skorti á upplýsingum og þjálfun auk tungumálaerfiðleika. Einnig er ljóst að sumir hinna erlendu starfsmanna koma úr umhverfi þar sem minni áhersla er lögð á öryggi en hér á landi.

Í vinnuverndarlögunum er kveðið á um að atvinnurekandi skuli „tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað“ (13. gr.). Atvinnurekandi skal jafnframt „gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu sem kann að vera bundin við starf þeirra“ (14. gr.). Þetta gildir að sjálfsögðu um alla starfsmenn, íslenska sem erlenda. Erlendir starfsmenn koma frá ólíkum menningarsvæðum og öryggismenning er mismunandi milli landa og heimsálfa. Þeir sem hafa erlenda starfsmenn í þjónustu sinni verða að taka mið af þessum aðstæðum

Til að ná markmiðum vinnuverndarlaganna um öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og koma í veg fyrir slys skorar Vinnueftirlitið á stjórnendur fyrirtækja að gera átak í öryggis- og heilbrigðismálum, hver á sínum vinnustað:

- Atvinnurekendur geri þjálfunar- og fræðsluáætlun fyrir alla starfsmenn, sérstaklega við upphaf starfs. Slík fræðsla og þjálfun er ein af forsendum öflugss forvarnarstarfs. Upplýsa skal starfsmenn um þær hættur sem kunna að fylgja ákveðnum verkum svo að þeir geti framkvæmt störf sín á öruggan hátt. Sérstök áhersla verði lögð á upplýsingar og fræðslu til erlendra starfsmanna og þess gætt að takmörkuð málakunnátta verði ekki til þess að draga úr öryggi og nauðsynlegum samskiptum. Vinnueftirlitið skorar jafnframt á atvinnurekendur að gæta öryggis við alla vinnu í fyrirtækjum sínum með því m.a. að fara nákvæmlega yfir skipulag öryggismála og bæta úr þar sem á skortir.
- Fyrirtæki, sem hafa ekki gert áhættumat og áætlun um heilsuvernd og forvarnir í samræmi við ákvæði 65. og 66. grein vinnuverndarlaganna nr. 46/1980 og ákvæði í reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, hefji nú þegar vinnu við gerð slíks mats. Öll fyrirtæki á landinu, stór sem smá, skulu meta þá áhættu sem bundin er við störf, sem þar eru unnin, og gera áætlun um heilsuvernd og forvarnir.
- Við bygginga- og mannvirkjagerð leggi fyrirtækin stóruka áherslu á öryggi og innra starf. Fyrirtækin vinni í samræmi við reglur nr. 547/1996 um tímabundna mannvirkjagerð. Við bygginga- og mannvirkjagerð þarf að gera sérstakt áhættumat verkþátta og á grundvelli mats grípa til nauðsynlegra öryggisráðstafana.
- Þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum á framkvæmdasvæði vinni verktakar saman að öryggis- og forvarnarmálum; aðalverktaki hafi frumkvæði og beri ábyrgð á samstarfinu.

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, er að finna lög, reglur og reglugerðir sem kveða á um öryggi og innra vinnuverndarstarf. Sérstaklega er bent á:

- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980 með síðari breytingum)
- Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996 með síðari breytingum)
- Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum (nr. 920/2006)
- Reglugerð um notkun tækja, II. viðauka, 4. tölulið, um vinnu í hæð þar sem fallhætta er fyrir hendi (nr. 367/2006)

Undir flípanum *Gagnabrunnur-áhættumat* eru ýmsar leiðbeiningar og upplýsingar sem að gagni mega koma við gerð áhættumats og skipulagningu forvarna.

Á heimasíðunni er einnig að finna margvíslegt annað upplýsinga- og fræðslufni sem getur gagnast við vinnuverndarstarf í fyrirtækjum. Einnig eru þar upplýsingar um þau vinnuverndarnámskeið sem Vinnueftirlitið býður upp á.

Virðingarfyllst,

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri